



UST

Umhverfisstofnun

Environmental Protection Agency of Iceland

Deild umhverfisáhrifa

Deild umhverfisáhrifa

101 Reykjavík

101 Reykjavík

Umhverfisráðgjafi@ust.is

http://www.ust.is

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 13. júní 2007  
Tilvísun: UST20070500057/hj

### Dýpkun Siglufjarðarhafnar, umsögn um matskyldu

Skoðun á efnagreiningum á sýnum úr Siglufjarðarhöfn sýnir gegnumsnæitt aukningu í styrk Cd, sérstaklega hvað varðar sýni 1. Einnig verður vart aukningar af Cu. Styrkur þessara efna setur ákveðna takmörkun á varpi í hafið, sérstaklega hvað varðar efni af svæðinu fyrir innan Óskarsbryggju. Greiningar á PCB eru allar undir greiningarmörkum.

Umhverfisstofnun bendir á að varp dýpkunarefnis í hafið, hvort sem er undir fyrirhugaðan brimvarnargarð eða utan hafnar er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Varðandi losun efnis af svæðinu innan Óskarsbryggju vill stofnunin benda á að æskilegra væri að loka slíkt efni af í fyllingu í stað þess að varpa því í hafið.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að dýpkunarframkvæmdir muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að því tilskyldu að mengað efni verði meðhöndlað á þann hátt að óæskileg áhrif á lífríki og gæði hafsins verði takmörkuð eins og kostur er.

Virðingarfyllst

Helgi Jensón  
Forstöðumaður

Stefán Einarsson  
Stefán Einarsson  
Verkefnastjóri

Afrit/Samrit sent: